



445.fundur í Þingvallanefnd

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti miðvikudaginn 24. október 2018 kl.11.30.

Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson og Karl Gauti Hjaltason. Fundinn sátu einnig Lilja Jónasdóttir lögmaður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði. Formaður tilkynnti að Páll Magnússon væri bundinn á öðrum fundi og Líneik Anna Sverrisdóttir væri stödd erlendis.

Dagskrá:

1. Sumarbústaðarmál.

Forkaupsréttur og framsal lóðaleiguréttinda við Valhallarstíg nyrðri 7. Tekin var ákvörðun um að óska eftir frekari upplýsingum og gögnum. Afgreiðslu máls var frestað.

2. Gjaldskrá í gestastofu.

Tekin var ákvörðun um að lækka almennt gjald fyrir aðgang að gestastofu á Hakinu úr 2000 kr. í 1000 kr.

Fleira ekki gert og fundi slitið.